



# Fréttir

Tölublað 240

Janúar 2010

Vorönn 2010 hefst með svipuðum hætti og vorannir gera, en þó er sá munurinn að hún er fjölmennari en áður, rétt eins og haustönn síðasta var fjölmennari en nokkurn tíma í sögu skólans. Margir sóttu um skólavist, bæði nemendur sem voru í skólanum og aðrir sem ekki voru í skóla. Ekki var hægt að verða við öllum umsóknum og ljóst að baráttan um sæti í skólanum harðnar með hverju árinu sem líður. Ástandið í samfélaginu veldur því að auki að við verðum að fara sérstaklega vel með fjármagn og verðum að gæta að hverri krónu. Það er því nauðsynlegt að kynna sér þær reglur sem gilda í skólanum um námsárangur, skólareglur og skólasókn. Í því samhengi minni ég sérstaklega á að skólasókn getur aflað mönnum eininga og þannig flýtt þeim leið í náminu.

Að þessu sögðu bjóðum við ykkur öll hjartanlega velkomin til starfa og vonum að ykkur farnist vel í náminu í vetur.

Magnús Þorkelsson

Starfsfólk Flensborgarskólans óskar þér  
gleðilegs árs og vonar að nýtt ár  
verði þér árangursríkt.



## Skiptibókamarkaður

NFF stendur fyrir skiptibókamarkaði næstu daga. Opnunartími verður auglýstur sérstaklega. Við hvetjum þig til að nýta skiptibókamarkaðinn.

# Skólareglur Flensborgarskólans

1. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga að mæta stundvíslega til starfa.
2. Nemendum og starfsmönnum ber að ganga snyrtilega um húsnæði og lóð skólans og fara vel með húsmuni og tækjabúnað.
3. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuvaldandi efna er bönnuð í húsnæði og á lóð skólans.
4. Algjört bann er við reykingum og annarri tóbaksnotkun í húsnæði og á lóð skólans.
5. Neysla matvæla er óheimil í kennslustundum, á bókasafni og í tölvuverum skólans.
6. Nemendum og kennurum ber að skila kennslustofum snyrtilegum í lok kennslustundar.
7. Notkun farsíma er bönnuð í kennslustundum.
8. Nemendum og kennurum ber að sýna hver öðrum kurteisi og tillitssemi.
9. Kennari er verkstjóri í kennslustund. Allir þeir sem tíma sækja eiga að geta notið kennslunnar í friði.
10. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér reglur og starfsáætlanir skólans.
11. Allir, bæði nemendur og starfsfólk, skulu vera á inniskóm.

## Brot á reglum skólans getur valdið brottvísun.



Nemendur sem náðu öllum áföngum haustönn 2009 og náðu einnig skólasókn með einkunn 6 eða hærra hafa leyfi til að bæta við einum áfanga í töflu. Nemendur sem auk þess náðu þeim árangri að vera með alla áfanga staðna og með meðaleinkunn 8 geta bætt við sig 2 áföngum í töflu.

## Efnisgjöld

Þeir sem eru í áföngunum MAT og MYN greiða efnisgjald á skrifstofu skólans í upphafi annar.

MAT kr. 6.500      MYN kr. 3.500



# FRESTUR TIL AÐ SÆKJA UM P-NÁM RENNUR ÚT 13. JANÚAR

Niðurstaðan verður birt 18. janúar. P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara fyrir 25. janúar til að ganga frá samningi annars dettur heimild um P-nám niður.

**Einungis lítill hópur nemenda getur fengið P-nám. Einhverjum verður vísað í fjarnám. STÚDENTSEFNI ERU HVÖTT TIL AÐ SÆKJA UM TÍMANLEGA.**

## Reglur um P-nám

### I. Skilyrði fyrir P-námi

- 1 Nemandi sem fær 9 eða hærra í námsgrein getur fengið að taka næsta áfanga í sömu grein sem P-áfanga.
- 2 Nemandi sem við síðasta annarpróf hefur fengið 9 eða hærra í a.m.k. 6 einingum (að frádregnum einingum sem einkunn var 4 eða lægri í) getur fengið að stunda P-nám í öðrum áföngum en um getur í 1. grein.
- 3 Nemandi sem hyggst ljúka námi á næstu tveimur önnum og vantar fáar einingar til að geta það með eðlilegu töfluálagi getur fengið að stunda P-nám án tillits til einkunnar, enda hafi hann staðist a.m.k. 15 einingar eða 5 áfanga næstu önn á undan.

### II. Takmarkanir á P-námi

- 4 Enginn nemandi getur þó fengið að taka P-áfanga nema hann sé með a.m.k. 33 kennslustundir í töflu. Undantekningar frá þessu skulu því aðeins gerðar að um sé að ræða töfluárekstur milli tveggja áfanga sem hvorugum megi fresta vegna námsloka nemandans.
- 5 Ekki er heimilt að vera með nema einn P-áfanga samtímis í sömu námsgrein.
- 6 Aldrei skulu P-áfangar samtímis nema meira en 6 einingum, nema á síðustu önn nemandans. Þá má bæta við einum áfanga.
- 7 **Heildarfjöldi nemenda í P-nám er takmarkaður.**

### III. Framkvæmd á P-námi.

- 8 P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara fyrir **25. jan.**
- 9 Í kennsluáætlunum er skilgreint hvaða verkefnum P-nemendur eiga að skila og jafnframt hvort um viðbótarverkefni er að ræða eða ítarlegra próf í annarlök. **P-nemendur hafa ekki rétt á að sækja kennslustundir í áfanganum.**

# Töflubreytingar

Hægt er að sækja um að fá breytingu á stundatöflum 5. til 8. janúar. Óskir eru sendar á netfangið [toflubreytingar@flensborg.is](mailto:toflubreytingar@flensborg.is). Einnig má skila eyðublaði á skrifstofu. Öllum töflubreytingum skal lokið 12. janúar.



## Ósk um töflubreytingu

Hefðbundin tafla er 6 áfangar + íþr

Nafn nemanda: \_\_\_\_\_

Hverju ætti að breyta?

Nr. 1 Áfangi út: \_\_\_\_\_ Stokkur: \_\_\_\_\_

Áfangi inn: \_\_\_\_\_ Stokkur: \_\_\_\_\_

Nr. 2 Áfangi út: \_\_\_\_\_ Stokkur: \_\_\_\_\_

Áfangi inn: \_\_\_\_\_ Stokkur: \_\_\_\_\_

Segi mig úr eftirfarandi áföngum og vill ekki aðra í staðinn:

Nr. 1 Áfangi: \_\_\_\_\_

Nr. 2 Áfangi: \_\_\_\_\_

Ég geri mér grein fyrir því að ekki er víst að hægt sé að verða við þessari ósk.

Hafnarfirði dags. \_\_\_\_\_ 2010

\_\_\_\_\_  
Nafn umsækjanda

## Starfsmenn

Í meðfylgjandi skrá eru taldir upp allflestir starfsmenn í skólanum, skammstöfun á nafni þeirra eins og hún birtist á stundatöflum nemenda starfssvið.

AJ	Adda María Jóhannsdóttir Anna Guðrún Magnúsd.	ENS Stuðningsfulltrúi
AGP	Anný Gréta Þorgeirsdóttir Axel Pétur Axelsson	NÁT Kerfisstjóri
ÁSB	Árni Sverrir Bjarnason	ÍSL
ÁS	Ása Katrín Hjartardóttir Ásdís Bergþórsdóttir	DAN Þjónustuliði
ÁÓ	Ásrún Óladóttir	LAN, UMS
AK	Ásta K. Pálmadóttir	STÆ, HMN
BH	Baldur Hermannsson	EÐL
BG	Berglind Gunnarsdóttir Bergljót Gunnlaugsdóttir Birgitta Dröfn Jónasdóttir	Fjölgreinaeild Bóksafnsfræðingur Þjónustuliði
BB	Bjarney Bjarnadóttir	ÍÞR, LKN
BJ	Bryndís Jóna Jónsdóttir	Mannauðsstjóri, LOK
BS	Bryndís Símonardóttir	Starfsbraut
DSÓ	Dagrún Steinunn Ólafsdóttir	STÆ
DAB	Danielle Bisch	STÆ
DG	Díana Guðjónsdóttir	ÍÞR, ÍÞF, LSL, AFX
EEH	Elfur Erna Harðardóttir Elsa Anna Bessadóttir	NÁT Bókavörður
ER	Erla Ragnarsdóttir Erna G. Árnadóttir Eygló Hjaltadóttir	DAN, SAG, UMS Námsráðgjafi Fjármálastjóri
EYJ	Eygló Jónsdóttir	ENS
EJ	Eyrún Ósk Jónsdóttir	TJÁ, UMS, LKN
FR	Fjóra Rögnvaldsdóttir	MYN
FA	Freyja Auðunsdóttir	ÍSL, UMS
FJ	Friðrik Olgeir Júlíusson Friederike Berger	STÆ, HMN Stuðningsfulltrúi
GB	Guðmunda Birgisdóttir	SÁL, UPP
GEH	Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir	SÁL, UPP
GGB	Guðmundur G. Brynjólfss.	ÍÞG, ÍÞF, ÍÞR
GA	Guðný Árnadóttir Guðný Kristmundsdóttir	FRA Matselja
GÁG	Guðrún Á. Guðmundsd.	FJÖ, LKN
GHE	Guðrún Hafdís Eiríksdóttir	STÆ, HMN
GJ	Guðrún Jónsdóttir Guðrún Ósk Barðadóttir Hafdís Ólafsdóttir	ENS, HMN Ræstingarstjóri Forstöðumaður mötneytis
HA	Halldór Árni Sveinsson	FJÖ, HLT, MOF, MOM, MTG
HJ	Halldóra Jóhannsdóttir Helga Valtýsdóttir Hildigunnur Guðlaugsdóttir	Áfangastjóri, fjarvistir Námsráðgjafi Fulltrúi á skrifstofu
HE	Hildur Einarsdóttir	EFN, NÁT
HJB	Hjördís Bergsdóttir	Starfsbraut

HSI	Hólfríður Sigþórsdóttir	LKN, LÍF, NÁT, UMS
HB	Hrafnhildur Blomsterberg	KÓR
HR	Hrafnhildur R. Jósefsdóttir	Starfsbraut
HTK	Hrafnkell Tumi Kolbeinsson	FÉL, LKN, HMN, UMS
HRE	Hrefna Geirsdóttir	Aðstoðarskólameistari
HST	Hrefna Steinarsdóttir	ÍSL
	Hreinn Sæmundsson	Húsvörður
	Jenný Guðmundsdóttir	Matselja
JG	Jóhann Guðjónsson	LÍF, NÁT
JB	Jón Barðason	SAG
	Katarine Helene Gross	Starfsbraut
KM	Kristín Magnúsdóttir	FÉL
	Kristín Másdóttir	Stuðningsfulltrúi
	Kristín Snorraddóttir	Stuðningsfulltrúi
KRH	Kristján Rafn Heiðarsson	MAT
LH	Lilja Héðinsdóttir	ENS
MG	Magnús Gíslason	TÖL, FÉL
MP	Magnús Þorkelsson	Skólameistari
MB	Margrét Böðvarsdóttir	ÞÝS
	Matthildur K. Friðjónsd	Þjónustuliði
	Ólína Rakel Þorvaldsdóttir	Bókavörður
	Pálfríður Bjarnadóttir	Matselja
RK	Ragnheiður H. Kristjánsdóttir	DAN
SF	Sigríður P. Friðriksdóttir	JAR, Námsferlastjóri
SRB	Sigríður R. Birgisdóttir	Starfsbraut
	Sigrún Jónsdóttir	Þjónustuliði
	Sigrún Karlsdóttir	Fulltrúi á skrifstofu
	Sigrún Pálína Magnúsdóttir	STÆ
SA	Sigurbjörg Anna Guðnadóttir	STÆ
SJ	Sigurður B. Jónsson	ÞÝS
SJJ	Símon Jón Jóhannsson	ÍSL
SNB	Snædís Baldursdóttir	ÍSL
	Stefán Örn Hauksson	Starfsbraut
SV	Stefán Örn Valdimarsson	BÓK, HAG, VIÐ, LKN, UMS
SH	Steinhildur Hildimundard.	BÓK, VIÐ
SBK	Svana Björk Karlsdóttir	Starfsbraut
SP	Sveinn Þórðarson	ÍSL
TS	Tamara Soutourina	ENS
TBS	Thelma Björk Sigurðardóttir	SPÆ, HMN, UMS
TK	Torfi Kristinsson	TÖL
UP	Unnar Örn Þorsteinsson	ENS
VHS	Viðar H. Steingrímsson	DAN
XR	Xavier Rodriguez Gallego	IOS, VMM
TA	Þórunn Andrésdóttir	Starfsbraut
ZVD	Zdravko Velikov Demirev	ÍÞR

**Listi yfir netföng starfsmanna eru á heimasíðu skólans. Á palli fyrir framan kennarastofu eru póstkassar kennara.**

## **Að hætta í áfanga á önninni**

Hægt er að hætta í áfanga til **8. janúar**. **Þetta er gert í töflu-breytingum**. Eftir þann tíma er ekki hægt að segja sig úr áfanga. Nemandi getur þó leitað til námsráðgjafa og sótt um úrsögn. Samþykki skólaráðs þarf fyrir úrsögn.

Ekki er hægt að skrópa sig úr áfanga nema eiga brottrekstur úr skóla í vændum.

**Fjarvistir í viðkomandi áfanga halda áfram að telja þar til úrsögnin hefur verið staðfest.**

## **KÓR FLENSBORGARSKÓLANS**

Kór Flensborgarskólans er einn af bestu skólakórum landsins í dag. Tónleikaferðir innanlands og utan eru stór þáttur í starfi hans og er þátttaka í kórstarfinu metin til 3ja eininga á önn.


**Skráning og inntaka nýrra félaga fer fram miðvikudaginn, fimmtudaginn og föstudaginn 6.- 8. janúar kl. 11:30 - 14:00 í stofu H101**

Við verðum að gæta að gönguleiðum innandyra og utan!  
Skór og töskur eiga ekki að stífla ganga og bílar ekki að loka aðkomu og gangstéttum.

**Dagatal vorannar er á heimasíðu skólans!**

## **Hraðtafla** **miðvikudaginn 6. janúar**

<b>Tími í dag:</b>	<b>Tími vanalega:</b>	<b>Stokkur:</b>
11.00-11.15	Mánudagur kl. 8.05	A
11.20-11.35	Mánudagur kl. 9.10	B
11.40-11.55	Mánudagur kl. 10.30	C
12.00-12.15	Mánudagur kl. 11.35	D
12.20-12.35	Mánudagur kl. 13.10	E
12.40-12.55	Mánudagur kl. 14.15	F
13.00-13.15	Mánudagur kl. 15.20	G
13.20-13.35	Þriðjudagur kl. 11.35	H
13:40-13:55	Tímar utan töflu	



Tíminn	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös
8:05 - 9:05	A	Fundur	G	A	B
9:10 - 10:10	B	G	F	B	C
10:30 - 11:30	C	E	H	C	H
11:35 - 12:35	D	H	D	D	E
13:10 - 14:10	E	D	C	H	F
14:15 - 15:15	F	B	A	E	G
15:20 - 16:20	G	A	Umsj.- tími	F	